



Reykjavík, 18. Júní 2025
PON25040036.

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja vinnu við framþróun SkólaBúa

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lögð fram heimildarbeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 4. júní, um að hefja vinnu við framþróun SkólaBúa ásamt fylgigögnum sbr. 8. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 4. júní 2025
PON25040036

Efni: Heimild til að hefja vinnu við framþróun SkólaBúa

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd skóla- og frístundasviðs og velferðasviðs, að hefja vinnu við framþróun SkólaBúa. Skólaþjónustan hefur þegar hafið innleiðingu á SkólaBúa, nýju stafrænu kerfi sem styður við faglegt starf með því að einfalda ferla, bæta yfirsýn og tryggja samræmda og skilvirka þjónustu við börn og forsjáraðila. Kerfið byggir á því að setja líðan og velferð barnsins í forgrunn og auðveldar samstarf milli fagfólks með auknu gagnsæi og öruggri meðhöndlun viðkvæmra persónuupplýsinga.

Frumgerð kerfisins er nú þegar í notkun í grunnskólum og hjá ráðgjöfum skólaþjónustunnar með góðum árangri. Næsta skref í þróun felst í að útvíkka kerfið þannig að það nýtist öllu viðeigandi fagfólki, þ.m.t. í leikskólum og frístundastarfi. Jafnframt er þörf á að þróa kerfið áfram til að styðja við skráningu þjónustu og umsókna um stuðning. Með þessum hætti verður SkólaBúi að heildstæðu verkfæri sem styður alla þætti skólaþjónustunnar, frá umsókn til úrvinnslu.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní 2025 til desember 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 27,6 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði er áætlað að 12,2 m.kr. verði aðkeypt sérfræðiþjónusta sem tilheyrir verktakasamningum á vegum skrifstofu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu.

Ekki liggur fyrir með hvaða hætti skóla- og frístundasvið og velferðarsvið munu skipta á milli sín rekstrarkostnaði afurðar verkefnisins. Vinna við verkefnið mun ekki hefjast fyrr en samþykki á rekstrarkostnaði liggur fyrir.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (13.06.2025)

Verkefnaráðsfundur: 3.4.2025

Framþróun SkólaBúa

Samantekt:

Skólaþjónustan hefur tekið fyrstu skrefin með SkólaBúa, kerfi sem auðveldar starfsfólki að veita betri og skilvirkari skólaþjónustu með líðan barnsins í forgrunni. Kerfið einfaldar samvinnu og eykur yfirsýn og gagnsæi gagnvart forsjáraðilum og eykur öryggi viðkvæmra persónuupplýsinga. Frumgerðin er nú þegar í notkun í grunnskólum og hjá ráðgjöfum. Nú þarf að stækka kerfið þannig að allt viðeigandi starfsfólk komist að, þar á meðal leikskólar og frístund. Þróun þarf einnig að ná til skráningar á þjónustu (færslur) og umsókna um stuðning. Þannig verður SkólaBúi að verkfæri sem styður alla þætti í skólaþjónustunni.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 27,6 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 7 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 4,67

Ábati 33%: 4,0

Mikill ábati fyrir starfsfólk og starfsemi Reykjavíkur og íbúa.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5,0

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi sem eykur samlegðar áhrif við aðrar vörur þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5,0

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp innan og utan Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Já

Lagaleg krafa er fyrir hendi.

Virðingarfyllt,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Reykjavík, 4. júní 2025
PON25040036

Greinargerð:

Skólabúi er ein af þremur lausnum sem tilheyra regnhlífarkerfinu Búa. Búi er þróunarpallur (e. platform) sem stuðlar að öruggari og skilvirkari þróun nýrra kerfa innan Reykjavíkurborgar. Með því að nýta sameiginlegt regnhlífarkerfi á borð við Búa, skapast tækifæri til að samnýta grunnvirkni á borð við aðgangsstýringu, þjónustusögu og tengingar milli kerfa, sem dregur úr tvíverksnaði og eykur hagkvæmni. Markmiðið með Búa er að flest innri kerfi starfsfólks Reykjavíkurborgar falli undir það, þannig að hægt sé að byggja nýjar lausnir ofan á sameiginlega innviði í stað þess að þróa þá í hvert sinn frá grunni. Þetta eykur ekki aðeins þróunarhraða heldur tryggir einnig samræmi og öryggi í rekstri. Dæmi um þessa nálgun er tenging Minna síðna við Búa. Sú tenging tryggir að allar lausnir sem byggja á Búa verði aðgengilegar í gegnum Minar síður, án þess að þörf sé á sértækum tengingum fyrir hvert kerfi.

Markmiðið er að þróa SkólaBúa áfram sem sameiginlegt verkfæri fyrir alla fagaðila sem koma að skólaþjónustu. Næsta skref felur í sér að bæta við aðgangi fyrir leikskóla og frístundastarf, sem og að þróa virkni til skráningar á þjónustufærslum, auk þess að samræma umsóknarflæði og styðja við vinnslu mála. Þessi þróun eykur skilvirkni, tryggir meiri gagnsæi og örugga meðhöndlun gagna, og styður við snemmtæka íhlutun.

Í dag skrá grunnskólar upplýsingar í SkólaBúa, en hvorki leikskólar né starfsfólk í frístundastarfi hafa aðgang að kerfinu. Af þeim sökum berast mikilvægar upplýsingar enn með tölvupósti eða munnlega á fundum. Fundartími fer því í að miðla grunnupplýsingum í stað þess að nýta hann til lausnaleitar. Umsóknir um stuðning eru ósamhæfðar milli eininga og vinnsla þeirra krefst mikillar handavinnu og dreifðra ferla. Ef þróun kerfisins stöðvast á þessu stigi verður SkólaBúi einungis nothæft fyrir hluta starfsfólks og nær ekki að þróast í heildstæða lausn fyrir alla skólaþjónustuna.

Með markvissari upplýsingagjöf frá leikskólum og skýrari yfirsýn yfir feril barns verður hægt að greina þarfir fyrr og bregðast við á skilvirkari hátt. Þetta dregur úr líkum á að mál falli milli kerfa eða gleymist og stuðlar að samfelli í þjónustu. Jafnframt dregur verkefnið úr tímafrekri umsýslu, skjölun og áframsendingu gagna, sem léttir álagi af fagfólki og stuðlar að bættri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 27,6 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Arnar Yr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu- og umbreytinga



Reykjavík



Frampróun SkólaBúa – Varða 1

Eigandi:
Eigendahópur BBB

Þarfagreining

Skólaþjónustan hefur tekið fyrstu skrefin með SkólaBúa – og frumgerðin er í notkun í grunnskólum og hjá ráðgjöfum. Nú þarf að stækka kerfið þannig að allt viðeigandi starfsfólk komist að, þar á meðal leikskólar og frístund. Þróun þarf einnig að ná til skráningar á þjónustu (færslur) og umsókna um stuðning. Þannig verður SkólaBúi að verkfæri sem styður alla þætti í skólaþjónustunni.

Áskorun

Í dag skrá leikskólar og frístundarstarf ekki í sameiginlegt kerfi og mikilvægar upplýsingar berast áfram með tölvupósti eða á fundum. Tími á fundum fer í að lesa sig til um mál í stað þess að vinna að lausn. Umsóknir um stuðning eru ósamhæfðar og vinnslan krefst mikillar handavinnu. Ef við hættum þróun hér, festist kerfið sem lausn fyrir hluta starfsfólks – og virkar ekki sem heildarkerfi fyrir skólaþjónustuna.

Markmið

Að þróa áfram SkólaBúa sem sameiginlegt verkfæri fyrir alla sem koma að skólaþjónustu.

Næstu skref eru að bæta við:

- Aðgangi fyrir leikskóla og frístund
- Færslum sem halda utan um veitta þjónustu
- Umsóknarflæði og stuðning við vinnslu mála í skóla
- Markmiðið er einfaldara verklag, betri yfirsýn og skýrari skráning – í þjónustu við börn og fagfólk.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Meiri tími á fundum fer í að vinna að lausn en ekki að miðla grunnupplýsingum til aðila sem eru ekki með aðgang að gögnum
- Betri upplýsingar um barnið frá leikskólanum. Tímasparnaður á skilafundum. Saga barns verður mun skýrari sem leiðir til skilvirkari lausnarleitar
- Auðveldara er að fylgja máli eftir, færri mál gleymast.
- Vinna við umsýslu, skjölun og áframsendingar minnkar hjá starfsfólki.

Tímalína

Júní 2025 – Desember 2025

Kostnaður

Heildarkostnaður 27,6 m. kr.
Eignasjóður 27,6 m. kr.
Rekstur 0 m. kr.

Vörustjóri: Tindur Óli Jensson

Verkefnateymi: Hugbúnaðarteymi

Stafrænn leiðtogi: Halla María Ólafsdóttir og Magnús Bergur Magnússon




Frampróun SkólaBúa

Halla María stafrænn leiðtogi

Magnús Bergur stafrænn leiðtogi


Tindur Óli vörustjóri





Hvað ætlum við að tala um í dag?

- Hver er sýn og vegvísir fyrir vöruna
- Hvað er í vörunni í dag
- Hvert er lokamarkmið
- Sótt um fjármagn fyrir vörðu 1





Hvað var lagt upp með?

- Einfalda skólaþjónustuna
- Skapa yfirsýn fyrir starfsfólk
- Eyða óþarfa biðtíma fyrir börn sem eru í vanda.
- Rafvæða ferli









Leiðarljós farsældarlaganna

FYLGSTU MEÐ

BREGSTU VIÐ

KOMDU Á SAMSTARFI



VERÐA AÐ VINNA SAMAN
sem teymi. En engin
sameiginleg sýn á málið.



Hverjir koma að málinu

SKÓLA- OG FRÍSTUNDAÞJÓNUSTA



Leikskóla
starf



Grunnskóla
starf



Frístunda
starf



Börn og
fjölskyldur

VELFERÐARÞJÓNUSTA



Fullorðnir
18-67



Eldra fólk




Fatlað fólk

SkólaBúi



Tenging við ráðgjafan





Sýn Búa

Búi er kerfi **sem auðveldar starfsfólki** að veita **betri og skilvirkari** skólaþjónustu, svo að barninu líði betur.


- Með því að **einfalda samvinnu** og **auka yfirsýn**
- Auka **gagnsæi** gagnvart forsjáraðilum
- **Auka öryggi** viðkvæmra persónuupplýsinga.





Langtímamarkmið vörunnar

- Skapa skilvirkni í skólaþjónustunni
- Gagnsæjari þjónusta fyrir foreldra
- Ýta undir snemmtæka íhlutun
- Gera það tæknilega mögulegt að mál flæði milli stiga eins og farsældin gerir ráð fyrir.





Lausnin í dag

- Listi yfir starfsfólk skólans með aðgang að SkólaBúa
- Listi yfir nemendur skólans. Og hver hefur aðgang að hvaða möppu

Reykjavík

Skólaþjónustan

NemendurStarfsfólkLeiðbeiningarÚtskrá

Hlíðaskóli

Starfsfólk

Leita eftir nafni starfsfólks

Starfsstöð

NafnStarfsstöðFjöldi nemenda

Tindur Jensson
Skólastjóri

Kamil Kruczek
Skólastjóri

Aleksander Kwiatkowski
Skólastjóri

Patryk Grzadziel
Kennari

Örn Viðarsson
Skólastjóri

BBB Admin Tester
Skólastjóri

BBB Employee Tester

Reykjavík

Skólaþjónustan

NemendurStarfsfólkLeiðbeiningarÚtskrá

Hlíðaskóli

Nemendur

Leita eftir nafni eða kennitölu nemanda

Nafn	Bekkur	Með aðgang	Síðast uppfært
Anna Árnadóttir 151118-2420	A - 1 BBB Employee Tester	3	26.06.2024 PNG_file.png
Anna Jónsdóttir 120918-2420	A - 1 BBB Employee Tester	4	19.03.2025 hauk-kort-20150415 (1).pdf
Anna Lína Karlsdóttir 180914-2540	A - 1 BBB Employee Tester	1	28.02.2025 8MB.pdf
Árný Karlsdóttir 171218-2060	A - 1 BBB Employee Tester	0	-
Ásmundur Jarlsson 250108-2130	B - 1	3	10.02.2025 test.pdf
Barn Einhversdóttir 160217-7890	A - 1 BBB Employee Tester	0	13.02.2025 jpg_sample_file.jpg
Barn Einhversson 160617-6099	A - 1 BBB Employee Tester	1	02.09.2024 PDF_sample_file.pdf



Lausnin í dag

- Allir nemendur í skóla eru með rafræna persónumöppu
- Sýnilegt hver er með aðgang af hvaða nemenda.

 Reykjavík

Skólabjónustan 

NemendurStarfsfólkLeiðbeiningarÚtskrá

 Nemendakort

Jón Jónsson

Kennitala
120918-2020

Bekkur
A - 1

Lögheimili
Test User Address

 Skjöl (23)

[+ Bæta við skjali](#)

Aston index.pdf

 Matslisti  Hlíðaskóli  14. janúar 2025

lesferill.pdf

 Matslisti  Hlíðaskóli  14. janúar 2025

AdHD greining lokaskýrsla.pdf

 Lokaskýrsla sérfræðings  Hlíðaskóli  14. janúar 2025

Adhd listi.pdf

 Matslisti  Hlíðaskóli  14. janúar 2025

JJ-nemenderndaráð-10jan 2025.pdf

 Fundargerð  Hlíðaskóli  14. janúar 2025

 Með aðgang (10)

[+ Bæta við aðgangi](#)

Tindur Jensson

 Skólastjóri  Hlíðaskóli  20. mars 2025

Kamil Kruczek

 Skólastjóri  Hlíðaskóli  25. mars 2025

Patryk Grzadziel

 Kennari  Hlíðaskóli  21. mars 2025

RAD-BBB EMPLOYEE TESTER

 Ráðgjafi  Hlíðaskóli  21. mars 2025

Örn Viðarsson

 Skólastjóri  Hlíðaskóli  25. mars 2025

Fá fólk við borðið


Opna kerfið fyrir stærri hóp, byrja að safna gögnum og opna fyrir upplýsingaflæði

Auka samvinnu

Búa til verkfæri sem auka samvinnu og samskipti milli starfsmanna og foreldra.

Auka skilvirkni

Auka gæði og skilvirkni þjónustunar og auðvelda snemmtæka ihlutun.



Næst



Seinna



Vitað

Óþekkt



Hvaða breyting





Varða 1

Opna fyrir frístundarstarf

Færir fleiri aðila að borðinu



Dagbók

Skráning yfir allar snertingar málsins á einum stað. Viðtöl, fundargerðir, tölvupóstar, atvik og fl



Opna fyrir leikskóla

Vinnsla barns flýtur þá hindrunarlaust á milli leikskóla og grunnskóla í rvk. Gerir skilafundi óparfa í sumum tilfellum.



Umsjón umsókna frá Mínum síðum

Starfsmaður getur lagt fyrir umsókn fyrir foreldra sem birtist á mínum síðum. Skilar sér beint í SkólaBúa. Útrýmir hættulegum tölvupóstum.





Áskorun

Stutt lýsing á þeirri áskorun sem verkefninu er ætlað að leysa

Núverandi staða

- Aðeins hluti lausnateymis hefur aðgang að gögnum barnsins.
- Gögn berast frá leikskóla til grunnskóla handvirkt við skilafundi ef mikil vinnsla er í málinu.

Lausn

- Bæta frístundastarfi, leikskólastarfi og dagbókarfærslum inn í Búa.
- Persónumappa barns færist sjálfkrafa í þann skóla sem barnið byrjar í.

Ábati

- Meiri tími á fundum fer í að vinna að lausn en ekki að miðla grunnupplýsingum til aðila sem eru ekki með aðgang að gögnum.
- Betri upplýsingar um barnið frá leikskólanum. Tímasparnaður á skilafundum.



Áskorun

Stutt lýsing á þeirri áskorun sem verkefninu er ætlað að leysa

Núverandi staða

- Utanumhald skráningar um þjónustuveitingu í skólum er ábatavant.
- Yfirsýn yfir umsóknir um greiningu er engin.
- Umsóknir um greiningu eru að berast skólum í tölvupósti í dag.

Lausn

- Samhæfð skráning þjónustuveitingar beint inn í kerfið
- Ferlið hefst í skóla, skóli fær yfirsýn yfir stöðu
- Umsóknir berast beint inn í öruggt svæði í SkólaBúa


Ábati

- Saga barns verður mun skýrari sem leiðir til skilvirkari lausnarleitar
- Auðveldara er að fylgja máli eftir, færri mál gleymast.
- Vinna við umsýslu, skjölun og áframsendingar minnkar hjá starfsfólki.




Hvað er búið að gera:

- Fundur með fagskrifstofu frístundamála hjá SFS.
- Fundur með eigendahóp BBB þar sem forgangsröðun var samþykkt.
- Umfangsmikil forgreining umbreytingarverkefnisins BBB.
- Umfangsmikil greining á umsóknum BBB
- 6 notendaprófanir á dagbókarvirkni.
- 109 notendaviðtöl í BBB





Tímalína





Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er 27,6 mkr með lokaútgáfu vörðunnar í byrjun okt



Kostnaður innanhúss

Innifalið:

- | | |
|--------------------|-------|
| • Teymisstjóri | 1,152 |
| • Hönnuður | 2,448 |
| • Bakendaforritari | 6,760 |
| • Stoðteymi | 900 |

Samtals **15,432 þ.kr**

Team Rocket (Búi)
Team Rebels (MS)

Kostnaður utanhúss

Verktakar

- | | |
|---------------------|-------|
| • Tæknistjóri | 3,248 |
| • Framendaforritari | 7,100 |
| • Prófari | 1,784 |

Kostnaður **kr. 12,152 þ.kr**

20,9 mkr
6,7 mkr



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt á einu ári

Mælanlegur ábati skilafundir

- Umhverfisáhrif - upb 4 kg af pappír
- Tímasparnaður 165 klst
- Ferðir milli staða 110 ferðir

Ómælanlegur ábati

- Starfsánægja
- Bætt ímynd með minni flækjum
- Ánægja borgarbúa
- Betri yfirsýn yfir skólaþjónustumál fyrir leikskóla og frístundastarf.
- Hættum að senda viðkvæmar persónuupplýsingar í tölvupósti.
- **Minni hætta á að mál barns í vanda gleymist**

Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

Gögn skila sér sjálfkrafa milli skólastiga:

- Hættum að prenta þessi gögn út
- Fækkum skilafundum
- Fækkum ferðum stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.





Næstu skref

- MÁP með lögfræðingum SFS og ÞON um sjálfvirk skil gagna milli skólastiga.
- Greining á þörfum BBB um leikskólabörn og starfsfólk inn í SFS-API
- Forgreining á þörfum deildarstjóra og sérkennslustjóra leikskóla.





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármagni til þess að ná næstu vörðu sem mun krefjast fjárfestingar upp á 27,6 mkr





Reykjavík



Varða 1

Opna fyrir frístundarstarf

Færir fleiri aðila að borðinu



Dagbók

Skráning yfir allar snertingar málsins á einum stað. Viðtöl, fundargerðir, tölvupóstar, atvik og fl



Opna fyrir leikskóla

Vinnsla barns flýtur þá hindrunarlaust á milli leikskóla og grunnskóla í rvk. Gerir skilafundi óparfa í sumum tilfellum.



Umsjón umsókna frá Mínum síðum

Starfsmaður getur lagt fyrir umsókn fyrir foreldra sem birtist á mínum síðum. Skilar sér beint í SkólaBúa. Útrýmir hættulegum tölvupóstum.





Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er 27,6 mkr með lokaútgáfu vörðunnar í byrjun okt



Kostnaður innanhúss

Innifalið:

- | | |
|--------------------|-------|
| • Teymisstjóri | 1,152 |
| • Hönnuður | 2,448 |
| • Bakendaforritari | 6,760 |
| • Stoðteymi | 900 |

Samtals **15,432 þ.kr**

Team Rocket (Búi)
Team Rebels (MS)

Kostnaður utanhúss

Verktakar

- | | |
|---------------------|-------|
| • Tæknistjóri | 3,248 |
| • Framendaforritari | 7,100 |
| • Prófari | 1,784 |

Kostnaður **kr. 12,152 þ.kr**

20,9 mkr
6,7 mkr